





# Prófundirbúningur í Mýrarhúsaskóla

Kristín Sverrisdóttir  
Náms- og starfsráðgjafi



# Allir vilja standa sig vel

- Aðalatriðið er að gera eins vel og maður getur.
- Góður undirbúningur er besta veganestið í prófin.
- Próf er verkefni sem þú vinnur eins vel og þú getur.



# Undirbúningur




- Hafðu próftöfluna á vísum stað.
- Nauðsynlegt er að vita hvað á að læra fyrir hvert próf.
- Skoðaðu hvort þú sért með allar bækur og verkefni sem þú þarft að nota.
- Finndu spurningar og svör úr efninu.



# Undirbúningur - frh.




- Gerðu áætlun um hvencær þú ætlar að læra fyrir prófin.
- Gott er að fá hjálp við lærdóminn frá t.d. foreldrum, systkinum, ömmu, afa.
- Hafðu skóladótið í röð og reglu.
- Vertu með strokleður, yddara og önnur áhöld.



# Að læra fyrir próf




- Finndu góðan stað til að læra á, hafðu næði og gott loft.
- Taktu vel eftir þegar kennarinn fer yfir efnið og talar um hvað er mikilvægt.
- Þegar þú lærir heima skaltu skoða hvað marga kafla eða blaðsíður þú átt að lesa.




# Að læra fyrir próf- frh.

- Reyndu að einbeita þér og taktu vel eftir því sem þú lest.
- Reyndu að átta þig á hver eru aðalatriðin.
- Mikilvægt er að rifja upp öðru hvoru.
- Fáðu einhvern til að hlýða þér yfir.
- Gott er að taka smáhvíld inn á milli.



# Próf á morgun?




- Farðu snemma að sofa. Þér gengur betur ef þú ert vel úthvöld/ur.
- Settu allt sem þú þarft að hafa með þér í töskuna um kvöldið.
- Vertu ákveðin/n í að gera eins vel og þú getur.



# Að morgni

- Vaknaðu nógu snemma svo þú þurfir ekki að flýta þér of mikið.
- Borðaðu morgunmat.
- Hafðu með þér hollt nesti.




19.9.2011


Kristín Sverrisdóttir



# Í prófinu




- Taktu vel eftir leiðbeiningum.
- Lestu allar spurningar vel.
- Réttu upp hönd ef þú þarft útskýringar.
- Vertu róleg/ur, hugsaðu þig vel um en haltu vel áfram.



# Í prófinu -frh.



- Ef þú getur ekki svarað skaltu geyma þá spurningu og halda áfram.
- Betra er að giska á svarið en sleppa.
- Farðu vel yfir og athugaðu hvort þú gleymdir nokkru.



# Gangi þér sem allra best

- Vertu jákvæð/ur og hugsaðu:  
„Ég get þetta. Ég geri eins vel og ég get“.
- Mundu þú ert frábær!

